



Reykhólahreppur

Auglýsing á vinnutillögu á breytingu Aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fund sínum þann 17.nóvember 2017 að auglýsa uppfærða vinnslutillögu vegna breytingar á aðalskipulagi í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting felst í breyttri legu á Vestfjarðavegi (60) í sveitarfélaginu og nýrra efnistökusvæða.

Breytingin fjallar um leiðréttu veglínu á Vestfjarðarvegi milli Bjarkalundar og Skálaness miðað við endurupptekið umhvefismat ásamt nýjum efnistökusvæðum, en veglína hefur breyst á nokkrum stöðum frá gildandi aðalskipulagi.

Markmið breytingarinnar er að auka umferðaröryggi á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi sem og fækkun einbreiðra brúa. Breytingin er í samræmi við markmið gildandi aðalskipulags um vegi, en þar segir:

„Leitað verði hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtengingu byggðar“.

Á þessu stigi liggur ekki alveg ljóst fyrir hvor leiðin verði fyrir valinu og eru því báðar tillögur sýndar á uppdrætti á meðan ákvörðun liggur ekki fyrir. Þegar tillagan verður auglýst þá verður einungis ein leið sýnd.

Vinnslutillagan er birt á heimasíðu reykholar.is og einnig á skrifstofu Reykhólahrepps Maríutröð 5a 380 Reykhóla. Upplýsingar eru einnig veittar hjá Skipulagsfulltrúa.

Kynningarfundur um tillögu að breytingu á aðalskipulagi verður í Stjórnsýsluhúsi Maríutröð 5a, Reykhólum mánudaginn 18. desember nk. á milli 10.00 -14.00
Íbúar og hagsmunaðilar eru hvattir til að mæta og kynna sér uppfærða vinnslutillögu.

Ábendingum skal skila skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Maríutröð 5a, 380 Reykhólahreppur eða á netfangið byggingarfulltrui@dalir.is / sveitarstjori@reykholar.is eigi síðar en 5. janúar 2018

Reykhólar 1. desember 2017
Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags- og byggingarfulltrúi